

hann hefur þegar notið fulltingis slíkra telur hann óþarft að skipa meðdóm-
endur í málinu að nýju.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Ólafur Sigurgeir Hólm Guðbjartsson, sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 271/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru dags. 18. september sl. hefur ákærði Ásgeir Þór Ásgeirsson skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur í málinu dags. þann sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað. Ákærði krefst þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og málinu verði vísað frá sakadómi.

Kæra úrskurðarins er heimil skv. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974. Með bréfi dags. 18. september 1987 hefur ríkissaksóknari leyft kæru úrskurðarins.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Fallast ber á það, sem fram kemur í hinum kærða úrskurði að ákæran sé nægilega skýr til að dómur verði lagður á málið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að verjandi ákærða hafi bent dómara málsins á að rannsókn væri ábótavant, sbr. 1. mgr. 86. gr. sbr. 2. mgr. 79. gr. l. nr. 74/1974, og að hann hygðist byggja vörn sína á óupplýstum atriðum. Af þessu leiðir að ekki eru efni til að vísa málinu frá dómi á þessu stigi.

D ó m s o r ð:

Frávísunarkröfu ákærða er hrundið.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. september 1987.

Ár 1987, föstudaginn 18. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Þór Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms eða úrskurðar sama dag.

Málið er höfðað með ákæru rikissaksóknara, dagsettri 20. mars 1986, á hendur ákærða, „Ásgeiri Þór Ásgeirssyni, verkfræðingi, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, fæddum 31. maí 1924 í Reykjavík, fyrir okur, með því að hafa á árunum 1984 og 1985 veitt Hermanni Gunnari Björgvinssyni, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, í 9 skipti peningalán og þá jafnframt áskilið sér og tekið við hærri vöxtum af peningalánunum en lögleyft var á því tímabili, í fyrsta skipti þann 2. maí 1984 lánað honum kr. 2.006.942,00 sem greiddast skyldi þann 2. júlí 1984 og þá um leið tekið við úr hendi Hermanns Gunnars tékka, dagsettum á gjalddaga lánsins, að fjárhæð kr. 2.301.085,00 fyrir höfuðstólnum og hinum áskildu vöxtum, sem námu því kr. 294.116,00 og svara til 75,4% ársvaxta í stað 18,5% ársvaxta, sem þá var hæsta heimilt að áskilja sér af slíkum peningalánnum, og því kr. 221.984,000 umfram hæstu lögleyfða vexti á því tímabili, og síðan eftir það veitt Hermanni Gunnari í 8 skipti peningalán með okurvöxtum, í síðasta skiptið þann 2. september 1985 og á þann hátt áskilið sér og tekið við á fyrrgreindu tímabili samtals kr. 3.088.403,00 umfram lögleyfða vexti, svo sem hér á eftir verður nánar rakið í sérstöku yfirliti um lánveitingarnar:

— — —

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira, sbr. auglýsingar Seðlabanka

Íslands um vexti við innlánsstofnanir, dagsettar 16. desember 1983 og 20. janúar 1984, sbr. ennfremur bréf Seðlabanka Íslands, dagsett 7. janúar 1986, vegna máls þessa um hæstu lögleyfða vexti af víxlum og skuldabréfum frá 21. september 1983 til 31. desember 1985.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til lántakanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58, 1960, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1987, var af ákærvaldsins hálfu fallið frá ákæruatriðum varðandi ætluð lán veitt eftir 11. ágúst 1984 vegna dóms Hæstaréttar í hæstaréttarmálinu nr. 252/1986: Ákærvaldið gegn Birni Pálssyni. Verður því í máli þessu eingöngu fjallað um ætlaðar lánveitingar ákærða fyrir 11. ágúst 1984.

Hinn 10. september sl. krafðist skipaður verjandi ákærða, Guðmundur Óli Guðmundsson hdl., þess að máli þessu verði vísað frá dómnum á þeirri forsendu að rannsókn þess sé ófullkomin í verulegum atriðum.

Málavextir eru þessir:

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð máls þessa skýrt svo frá, að hann hafi átt viðskipti við Hermann Gunnar Björgvinsson og keypt af honum verðbréf allt frá árinu 1981. Kveðst ákærði hafa afhent Hermannni Gunnari hinn 2. maí 1984 2.006.942 krónur til ávöxtunar, og tekið samtímis við tékka úr hendi Hermanns Gunnars að fjárhæð 2.301.058 krónur, dagsettum 2. júlí 1984. Er kom að gjalddaga tékkans kveður ákærði að viðskipti þessi hafi verið framlengd og ákærði afhent Hermannni Gunnari tékkann og tekið við nýjum tékka úr hendi hans, að fjárhæð 2.638.854 krónur, en sú fjárhæð hafi verið höfuðstóll sá, sem ákærði lét Hermann Gunnar hafa hinn 2. maí 1984, að viðbættri ávöxtun frá þeim degi til 2. september 1984.

Vitnið Hermann Gunnar Björgvinsson, Efstahjalla 1 B, Kópavogi, hefur borið á sama veg og ákærði varðandi þau viðskipti vitnisins og ákærða sem að ofan greinir, að öðru leyti en því að þau hafi verið persónulega á milli ákærða og vitnisins með því að ákærði hafi lánað vitninu féð gegn vöxtum, sem vitnið kveðst sjálft hafa ákveðið.

Verjandi ákærða hefur tilgreint frávísunarástæður sínar í þremur liðum, svo sem hér verður rakið:

1. Ákærði hafi verið í beinum verðbréfi viðskiptum við Verðbréfa- markaðinn. Rannsóknarlögregla ríkisins hafi aldrei rannsakað þróun viðskipta ákærða við Verðbréfamarkaðinn.

2. Í bréfi ríkissaksóknara frá 26. janúar 1987 sé fallið frá ákæruatriðum varðandi lán veitt eftir 11. ágúst 1984 og við það vakni eftirtalдар spurningar:

- A. Hvaða „lán“ eru veitt fyrir þann tíma?
- B. Hver er fjárhæð þeirra „lána“?
- C. Hverjir eru meintir ofteknir „vextir“?

3. Órannsakað sé með öllu með hverjum hætti starfsmaður Verðbréfamarkaðsins, Hermann Björgvinsson, hafi dregið sér með refsiverðum hætti fé viðskiptamanna firmans og notað í eigin þágu og til eigin útlánastarfsemi.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála var ríkissaksóknara sent málið með bréfi, dagsettu sama dag og frávisunarkrafan kom fram, og honum gefinn kostur á að tjá sig um málið. Svar ríkissaksóknara barst dóminum með bréfi, dagsettu 15. þ.m. Þar er frávisunarkröfu verjandans mótmælt og þess krafist að henni verði hrundið og málinu haldið áfram til dómsálagningar.

Í rökstuðningi ríkissaksóknara er m.a. á það bent, að framburðum ákærða og Hermanns Björgvinssonar beri í öllum aðalatriðum saman, en það sem í milli beri sé hvort um lán eða ávöxtun hafi verið að ræða. Það sé því rangt að ákæra í máli þessu byggji á einhliða upplýsingum Hermanns Björgvinssonar.

Niðurstöður:

Svo sem hér að framan er rakið ber ákærða og Hermannni Gunnari Björgvinssyni saman um hvernig viðskiptum þeim sem mál þetta er sprettið af var háttað, að öðru leyti en því að ákærði heldur því fram að hann hafi afhent Hermannni Gunnari féð til ávöxtunar, en Hermann Gunnar staðhæfir að ákærði hafi lánað sér féð persónulega gegn vöxtum. Eigi verður séð að rannsókn á þróun viðskipta ákærða við Verðbréfamarkaðinn geti haft þýðingu fyrir úrslit máls þessa. Vardandi það, hvaða lán hafi verið veitt fyrir 11. ágúst 1984, hver fjárhæð þeirra er og hve háir hinir ætluðu ofteknu vextir séu, er ákæran skýr. Að lokum verður að telja að fjárdráttur sá er verjandinn er að bera Hermannni Gunnari á brýn eigi að vera tilefni sérstakrar kærú á hendur honum og eftir atvikum rannsóknar, en eigi hluti af því máli sem hér er til meðferðar.

Samkvæmt framansögðu er það álit dómsins að hafna beri kröfu verjanda ákærða um frávisun máls þessa.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Guðmundar Ólafs Guðmundssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða, Ásgeirs Þórs Ásgeirssonar, um að máli þessu verði vísað frá dómi, er hafnað.